

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2013-2014 1. maí 9. bréf


Frá skólastjóra

Það er vor í lofti. Við í Síðuskóla merkjum það meðal annars á því að nemendur hafa flykkst til Hafðísar Kristjánsdóttur kennara með tilkynningar um komu farfugla til landsins. Þegar Hafðís fær tilkynningu þá hengir hún mynd af viðkomandi fugli á ákveðinn vegg hér í skólanum og nú eru komnar myndir af dágóðum hópi farfugla á vegginn.

Annars hefur helst borið til tíðinda að Síðuskóli fékk grænfánann afhentan í fimmta sinn við hátíðlega athöfn í lok apríl. Umhverfisstarf í Síðuskóla hófst með skipulögðum hætti árið 2002. Fyrsti Grænfáninn var dreginn að húni í 2006, síðan 2008, 2010, 2012 og síðast 2014. Nú er því komið að umsókn um Grænfánann til næstu tveggja ára. Grænfáninn er tákn um virkt umhverfisstarf og er alþjóðlegt umhverfisverkefni þar sem rík áhersla er lögð á lýðræði, þátttöku og virkni. Við í Síðuskóla teljum það mjög mikilvægt að vinna áfram í þessum anda og stefnum á að gera það áfram. En þetta hefst ekki nema með samstilltu átaki allra sem í skólanum starfa og um leið og ég þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóginn þá minni ég enn fremur á að við verðum að standa vaktina áfram og enn má margt bæta.

Starfið í maímánuði verður hefðbundið að mestu og einkennist af meiri útikennslu og ferðum nemenda og kennara um næsta nágrenni skólans. 10. bekkur hyggur á sitt árlega skólaferðalag og mun förinni heitið í Skagafjörðinn eins og undanfarin ár. Nemendur hafa verið iðnir í vetur að safna í sjóð fyrir ferðinni og gaman hefur verið að fylgjast með hve ötulir þeir hafa verið. Þess ber að geta að nemendur 4. bekkjar eru nýkomnir heim eftir vel heppnaða þriggja daga dvöl í skólabúðunum að Kiðagili í Bárðardal. Þar lærðu þau ýmislegt sem tengist sveitinni og komu reynslunni ríkari heim.

Að lokum vil ég vekja athygli á að grunnskólakennarar hafa samþykkt vinnustöðvun þrjá daga í maímánuði. Um er að ræða dagana 15., 21. og 27. maí og bið ég foreldra og forráðamenn að fylgjast vel með fréttum hverju fram vindur í þessum efnum.



Nú er verið að auglýsa nokkrar stöður við skólann en í síðasta fréttabréfið vetrarins sem kemur út í lok mánaðarins verður vonandi búið að ráða þannig að hægt verði að birta starfsmannalista næsta skólaárs. Hér á næstu síðu er hægt að sjá hverjir verða umsjónarkennarar.



Heil og sæl

Vinnunni við skólanámskrána miðar ágætlega enda höfum við ná góðri og samfelldri vinnutörn undanfarið. Helstu efnisþættir eru farnir að taka á sig mynd og unnið er að því að koma efninu saman í góða heild.

Nú beinist vinnan að því að kennarar vinna saman í hópum að því að búa niður hæfniviðmið á árganga fyrir allar námsgreinar. Í nýrri aðalnámskrá eru birt hæfniviðmið við lok 4., 7., og 10. bekkjar. Á grundvelli þeirra velja kennarar og nemendur kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir sem birt verður í skólanámskránni.

Samkvæmt nýrri Aðalnámskrá grunnskóla er áherslan ekki lengur á hvað nemendur eiga að kunna og þekkja af ákveðnum staðreyndum heldur hvað þeir geta gert við þá þekkingu sem þeir búa yfir. Við getum kennt ákveðna þekkingu og leikni en það sem skiptir máli er hvernig nemandinn nýtir þessa þætti þ.e. hvaða hæfni nemandinn býr yfir þegar við sleppum af honum hendinni. Við þurfum að styrkja nemendur í að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis og lýðræðissamfélagi.



Helstu viðburðir í maí/júní

- | | |
|---------------|----------------------------|
| 4. maí | Vorhátíð FOKS |
| 16. maí | Skólahreysti—úrslitakeppni |
| 26.—28. maí | Skólaferðalag 10. bekkjar |
| 30. maí | Skipulagsdagur |
| 4. og 5. júní | Umhverfis dagar |
| 6. júní | SKÓLASLIT |



Ábyrgðarmaður: Ólafur B. Thoroddsen

Umsjónarkennarar skólaárið 2014 -2015

- | | |
|------------|---|
| 1. bekkur | Elfa Björk Jóhannsdóttir og Torfhildur Stefánsdóttir |
| 2. bekkur | Laufey Hallfríður Svavarsdóttir og verið er að auglýsa eftir öðrum kennara. |
| 3. bekkur | Anna Sigrún Rafnsdóttir og Margrét Bergmann Tómasdóttir |
| 4. bekkur | Margrét Baldvinsdóttir og Sara Elín Svanlaugsdóttir |
| 5. bekkur | Hrönn Bessadóttir og Jóhanna Ásmundsdóttir |
| 6. bekkur | Helga Lyngdal og Sigríður Emilía Bjarnadóttir |
| 7. bekkur | Jónína Sveinbjörnsdóttir og Kristín Haraldsdóttir |
| 8. bekkur | Björk Jónsdóttir og Sigurður F. Sigurðarson |
| 9. bekkur | Sigríður Jóhannsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir |
| 10. bekkur | Hafdís Kristjánsdóttir og Hrefna Frímann |

Myndir frá ævintýraleik nemendaráðs sem fór fram síðasta dag fyrir páskafrí !




Byrjendalæsi

Í febrúar s.l. var Læsi skimunarpróf II lagt fyrir nemendur í 2. bekk. Prófið samanstendur af tveimur prófum. Fyrra prófið var lagt fyrir nemendur í nóvember 2013 en seinna prófið var lagt fyrir í febrúar 2014 (skólar í Reykjavík taka ekki þátt í þeirri fyrirlögn). Prófið Lesmál verður lagt fyrir 2. bekk í apríl.

Á eftirfarandi mynd má sjá niðurstöður Síðuskóla í samanburði við aðra byrjendalæsissskóla, myndir 1 og 2.

Almenn viðmið um viðunandi árangur er 61% og þar yfir. Nemendur sem eru undir þeim árangri þurfa á að halda öfluggu leiðsagnarmati og kennslu, ekki síst þeir sem raðast í neðsta hópinn, þ.e. undir 30% árangur. Við erum mjög stolt yfir árangri okkar nemenda, einkum og sér í lagi hve margir raðast í 81—90% hópinn.



Grænfáninn

Þann 25. apríl s.l. fékk Síðuskóli afhentan Grænfánann í fimmta sinn og mikið var um dýrðir.



Af þessu tilefni var meðal annars sagt frá því hver hefði unnið samkeppnina um hönnun lukkudýrs skólans og var það Ágúst Örn Vilbergsson í 6. bekk sem átti verðlaunamyndina. Búningurinn var sýndur en tvær heiðurskonur, Svava Daðadóttir og Anna Guðný Helgadóttir á Litlu saumastofunni, gáfu vinnu sína við að sauma búninginn. Meiningin er að lukkudýrið verði áberandi þegar eitt-hvað mikið er um að vera í skólanum hvort sem er innan skólans eða utan.



Söfnun 5. bekkjar fyrir ABC - barnahjálp

Krakkarnir í 5. bekk stóðu sig aldeilis vel er þeir söfnuðu alls 135.626 kr fyrir ABC barnahjálpinu. Við þökkum velvild og hlýjar móttökur fyrir þeirra hönd.



Nokkur ráð varðandi svefn:

Nokkur ráð varðandi svefn:

- Farðu í háttinn á sama tíma á hverju kvöldi. Ef þú ferð í háttinn á sama tíma á hverju kvöldi gefur það líkama þínum merki um að þú sért að fara að sofa og úr verður ákveðið svefnmunstur
- Hreyfðu þig reglulega. Sérfræðingar segja að ef þú hreyfir þig reglulega geti það hjálpað þér að sofa betur.

- Forðastu örvandi efni. Ekki drekka koffíndrykki, t.d. gos með koffíni, íþróttadrykki og/eða kaffi eftir kl. 16 á daginn. Nikótín er einnig örvandi.
- Slakaðu á huganum. Forðastu ofbeldis-, hryllings-, hasarmyndir og tölvuleiki fyrir svefn.
- Ekki leggja þig á daginn. Ekki leggja þig í meira en 30 mínútur.
- Ekki vaka á næturnar til að læra fyrir próf. Reyndu að skipta lærdómnum niður á nokkur kvöld.



MATSEÐILL – maí 2014



5.	6.	7.	8.	9.
Kjöt í ofni, kartöflur, grænmeti og sósa	Grillaður silungur, kartöflur, grænmeti, sósa og ávextir	Hamborgarar, grænmeti og sósa	Fiskur í ofni, kartöflur, grænmeti, sósa og ávextir	Kakósúpa, tvíbökur og ávaxtabar
12.	13.	14.	15.	16.
Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa og ávextir	Kjötsúpa	Grænmetisréttur, brauð og ávextir	Soðinn fiskur, kartöflur og rófur	Pottréttur, hrísgrjón og snittubrauð
19.	20.	21.	22.	23.
Plokkfiskur, rúgbrauð og ávextir	Lasagne og snittubrauð	Steiktur fiskur, kartöflur, grænmeti, sósa og ávextir	Pítsa	Mjólkurgrautur, slátur og smurt brauð
26.	27.	28.	29.	30.
Hakk, spaghetí og snittubrauð	Fiskibuff, kartöflur, grænmeti, sósa og ávextir	Eitthvað óvænt	Uppstigningardagur	Skipulagsdagur - matur aðeins í frístund
2. júní	3.	4.	5.	
Eitthvað óvænt	Eitthvað óvænt	Eitthvað óvænt	Eitthvað óvænt	